

Bekkur: 3. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennarar: Heiðrún Harpa Marteinsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir

Tímafjöldi: 6 kst á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Sproti 3a og Sproti 3b nemendabók og æfingahefti. Ýmis hlutbundin gögn eins og kubbar, talnagrindur, vasareiknar, kennslupeningar og fleira. Ýmis forrit í spjaldtölvum s.s. mms, multi.no og Osmo. Ítarefni frá kennurum.

Lykilhæfni:

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none">geti lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.geti tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.geti notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi.geti gert sér grein fyrir verðgildi peninga.þjálfist í að undirbúa og flytja stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.	Áhersla er lögð á vönduð og skipulögð vinnubrögð.	Leiðsagnarmat, símat, hópaverkefni, vinnubrögð, frammistöðumat/kannanir.
Tölfræði og líkindi	<ul style="list-style-type: none">geti safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.geti talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp einföld myndrit,	Nemendur vinna í paravinnu eða hópum. Áhersla á umræður, skráningu og túlkun á niðurstöðum.	Leiðsagnarmat, hópaverkefni, símat, vinnubrögð, frammistöðumat/kannanir.
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	<ul style="list-style-type: none">geti leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.þjálfist í að ræða um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheim.þjálfist í að segja frá lausnaleyðum sínum.þjálfist í að setja fram og meðhöndla einföld reiknilíkön, talnalínur og teikningar sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.þjálfist í að bera saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlka niðurstöður sínar.	Nemendur skrifa og sýna útreikninga og kynna lausnir fyrir öðrum. Þeir taka þátt í umræðum og útskýra aðferðir bæði munnlega og skrifalega. Einnig leysa þeir verkefni í hópum og paravinnu.	Leiðsagnarmat, hópaverkefni, símat, vinnubrögð, frammistöðumat/kannanir.

	<ul style="list-style-type: none"> • geti unnið með mælikvarða og lögun. • geti tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. 		
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar	<ul style="list-style-type: none"> • geti notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum • þjálfist í að setja fram og meðhöndla einföld reiknilíkön, talnalínur og teikningar sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. • þjálfist í að segja frá lausnleiðum sínum. • geti tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni. • þjálfist í að túlka og nota einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðarmerki og tengt þau við daglegt mál. 	Nemendur vinna fjölbreytt verkefni og þjálfa þannig færni til að lesa og skilja stærðfræðitákn. Hlutbundin gögn notuð þegar við á.	Leiðsagnarmat, hópaverkefni, símat, vinnubrögð, frammistöðumat/kannanir.

Tölur og reikningur	<ul style="list-style-type: none"> • geti reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt. • geti notað tugakerfisríthátt. • geti tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna margföldunar - og deilingardæmi. • þjálfist í að leysa viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum. • þjálfist í að gefa dæmi um og sýna hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi. 	Reikniaðgerðir þjálfaðar með skriflegum útreikningi og hugarreikningi, sem viðfangsefnum úr daglegu lífi	Leiðsagnarmat, hópaverkefni, símat, vinnubrögð, frammistöðumat/kannanir.
Rúmfræði og mælingar	<ul style="list-style-type: none"> • þjálfist í að áætla og mæla ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og nota viðeigandi mælikvarða. • þjálfist í að gera óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teikna skýringar-myndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu. • þjálfist í að rannsaka og gera tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn. • geti notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu. • geti speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn. 	Nemendur þjálfast í að nota mismunandi mælingar, gera rannsóknir, bera saman niðurstöður og túlka.	Leiðsagnarmat, hópaverkefni, símat, vinnubrögð, frammistöðumat/kannanir.